

Fundargerð 13. fundar stjórnar SSA haldinn 4. júní 2025

Fundurinn haldinn á Teams og hófst 10:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Eyþór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann Frímann Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson, fundarritari.

1. **Fundargerð SSA nr. [11](#) og [12](#) til kynningar**

2. **Umsagnarbeiðnir til SSA**

- Kynntar voru tvær tillögur að umsögnum sem unnar hafa verið af SSA frá síðasta stjórnarfund. Annars vegar áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga og hins vegar áform um endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Framkvæmdastjóri kynnti tillögurnar og fóru fram umræður í kjölfarið. Tillögurnar samþykktar og sendar áfram í samráðsgátt.

3. **Umsagnarbeiðnir til svæðisskipulagsnefndar**

- Framkvæmdastjóri kynnti tvær tillögur að umsögnum sem unnar hafa verið frá síðasta fundi um 1) kerfisáætlun Landsvirkjunar og 2) aðalskipulag Múlabings. Tillögurnar samþykktar og framkvæmdastjóri skilar í skipulagsgátt.

4. **Umræða um breytingar á samþykktum SSA**

- Til umræðu var bókun sem Ragnar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, lagði fram á aðalfundi SSA í maí og samþykkt. Hana finna má í fundargerð aðalfundarins á heimasíðu Austurbrúar.
- JFP lagði fram bókun sem samþykkt var á síðasta fundi hreppsnefndar Fljótsdalshrepps þann 3. júní. Hún er svohljóðandi:

„Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps undrast niðurstöðu aðalfundar SSA sem haldinn var á Eiðum þann 9. maí síðastliðinn, þar sem samþykkt var að Fljótsdalshreppur yrði aðeins eina sveitarfélagið á landinu sem væri útilokað frá stjórnaraðild með full réttindi í landshlutasamtökum sveitarfélaga á Íslandi.“

- Stjórnarmenn ræddu bókun Ragnars Sigurðssonar og næstu skref.
- Stjórn mun móta tillögur að frekari breytingum á samþykktum út frá tillögu Ragnars og sjónarmiðum Fljótsdalshrepps um aðalmann í stjórn SSA. Stefnt er að því að kynna tillögurnar á komandi haustþingi.

5. **Haustþing SSA**

- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna en haustþingið verður haldið á Vopnafirði 18. og 19. september.

6. Uppbygging farsímanets á stofnvegum

- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins og samskipti við Fjarskiptastofu í kjölfar bókunar SSA í janúar.
- Samþykkt var eftirfarandi bókun SSA og almannavarnarnefndar Austurlands:

Samband sveitarfélaga á Austurlandi og almannavarnarnefnd svæðisins kalla eftir því að net fjarskipta á Austurlandi, einkum símasambands verði þétt. Þetta á ekki síst við fjölsóttu ferðamannastaði og vegakerfið, þar sem víða er pottur brotinn. Í ljósi þess að mikill fjöldi ferðafólks mun á næstu vikum og mánuðum sækja Austurland heim er auðvelt að ástæða til að hafa áhyggjur af öryggi á dauðum punktum í þjóðvegakerfi fjórðungsins, þ.m.t. á þjóðvegi 1, og við nokkrar af helstu náttúruperlum hans. Er skemmst að minnst banaslyss er varð í Stuðlagili síðasta sumar en slæmt fjarskipta- og símasamband við slysstað tafði fyrir björgunaraðgerðum. Mörg dæmi eru um slys í fjórðungnum þar sem fara hefur þurft um nokkurn veg til að komast í símasamband og kalla eftir aðstoð en slíkt eykur hættu og skapar óþarfa óöryggi.

SSA og almannavarnarnefnd lýsa þungum áhyggjum af því að sáralitlar líkur virðast á því að fjármagn verði sett í frekari uppbygginu fjarskiptakerfisins og sendistöðum fjölgað í ár þrátt fyrir stöðuna sem lýst er hér að framan. Skora þau á stjórnvöld að veita auknu fjármagni til að tryggja fjarskipta- og símasamband á fjölsóttum stöðum og vegum og bæta þar með öryggi íbúa og gesta fjórðungsins.

7. Minnisblað ME

- Skúli Björn Gunnarsson, formaður skólanefndar ME, kom á fundinn. Fór hann yfir minnisblað um stöðu skólans sem hann og Árni Ólason, skólameistari, tóku saman og svaraði fyrirspurnum stjórnar.
- Stjórn sammála um að SSA beiti sér fyrir því að ríkisvaldið lagfæri þá skekkju sem er á milli rekstrarkostnaðar framhaldsskóla og framlaga til þeirra. ME er ekki eini framhaldsskólinn á landsbyggðinni sem er í þröngri stöðu fjárhagslega. Framkvæmdastjóri vinnur málið áfram.

8. Uppbyggingarsjóður Austurlands

- Framkvæmdastjóri fór yfir nýjar úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Austurlands og gerði grein fyrir helstu breytingum frá fyrri reglum. Stjórn samþykkti breytingarnar.

9. Úthlutun úr minningarsjóði Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar

- BHS gerði grein fyrir vænhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.
- Framkvæmdastjóri fór yfir umsóknir í sjóðinn en umsóknarfrestur rann út 29. maí. Tíu umsóknir bárust. Framkvæmdastjóri kynnti nokkrar tillögur að úthlutun og stjórn kom sér saman um eina þeirra. Framkvæmdastjóri hefur samband við umsækjendur og tilkynnir þeim niðurstöðu.

10. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur nr. [606](#), [607](#)
- SSV, fundur nr. [188](#), [aðalfundur](#)
- Vestfjarðastofa [ársfundur](#)
- SSNV, fundur nr. [123](#)
- SSNE, fundur nr. [73](#)
- Sambandið fundur nr. [978](#), [979](#)
- SASS, fundur nr. [622](#)

11. Önnur mál

- JFP bar upp fyrirspurn um undirritun fundargerða, með sérstakri vísan til þess hvort áheyrnarfulltrúi eigi að undirrita þær. Stjórn samþykkti að áheyrnarfulltrúi undirriti fundargerðir stjórnarfunda SSA héðan í frá.
- ES kom með þá uppástungu að rektor Háskóla Íslands kæmi á næsta stjórnarfund til að ræða m.a. fjarnám við stjórn SSA. Stjórn tók undir þetta og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
- Framkvæmdastjóri minnti á 80 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga 11. júní.

Fundið slitið 13:00.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinsson

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Jóhann Frímann Þórhallsson